

17. apríl 2013

Fundargerð aðalfundar Landsbankans hf. 2013

Aðalfundur Landsbankans hf. fyrir árið 2012 var haldinn miðvikudaginn 17. apríl 2013 kl. 16:00 í Silfurbergi í Hörpu.

Fundurinn hófst með því að Gunnar Helgi Hálfðanarson, formaður bankaráðs, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Hann lagði til að Andri Árnason, hæstaréttarlögmaður, yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt samhljóða.

Andri tók við stjórn fundarins og lagði til að Kristinn Briem yrði kjörinn fundarritari og var það samþykkt.

Andri gerði grein fyrir því að fundurinn hefði verið auglýstur í dagblöðum þann 3. apríl sl. í samræmi við samþykktir bankans og lýsti hann löglegan að öðru leyti. Mætt var fyrir eigendur alls hlutafjár með atkvæðisrétti, þ.e. allan eignarhlut ríkissjóðs og Eignarhluta ehf. í bankanum, samtals 97,9%. Bankinn á eigin bréf sem nemur 2,1% af heildarhlutafé og því fer Bankasýslan með öll hlutabréf með atkvæðisrétti.

Áður en gengið var til boðaðrar dagskrár las fundarstjóri upp eftirfarandi kveðju fjármálaráðherra:

„Kæra starfsfólk og bankaráð Landsbankans,

Mig langar að þakka ykkur sérstaklega fyrir góðan árangur við endurreisn Landsbankans á síðustu árum. En eins og fram hefur komið þá hefur hlutur ríkissjóðs ávaxtast vel á þeim tíma eða um tæp 20% á ári. Ríkið á í dag 98% alls hlutafjár í bankanum og er það trú mín og vissa að Landsbankinn eigi eftir að skila ríkissjóði myndarlegum arði á komandi árum. Undanfarin ár hafa verið krefjandi og verkefni risastór ég veit að þið hafið lagt á ykkur mikla vinnu við að endurreisa Landsbankann. Fyrir ykkar góða starf er ég þakklát og flyt ykkur kveðju mína með von um að ykkur muni áfram farnast vel.“

Með kveðju

Katrín Júlíusdóttir fjármála- og efnahagsráðherra.“

Því næst var gengið til boðaðrar dagskrár:

1. Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans sl. starfsár.

Gunnar Helgi Hálfðanarson fjallaði í skýrslu sinni um störf bankaráðs á árinu 2012, brýnustu verkefni þess og umhverfi. Einnig stiklaði hann á stóru varðandi störf bankaráðs þau rúmlega 3 ár (frá febrúar 2010) sem hann hefur setið í bankaráði.

Gunnar vék sérstaklega að því að frá árslokum 2009 til ársloka 2012 í tíð núverandi bankaráðs hafi innra virði hlutafjár ríkisins hækkað um 72% eða tæp 20% á ári þegar tekið er tillit til fyrrgreindrar hækkunar á eignarhlut ríkisins á bankanum. Því sé óhætt að fullyrða að vel hafi úr ræst með hliðsjón af þeim hrikalegum efnahagslegu aðstæðum sem ríktu þegar ríkið lagði bankanum til fé í upphafi.

Þá ræddi Gunnar Helgi um mikilsverða áfanga í endurreisn bankans frá árinu 2010 m.a. ráðningu bankastjóra í lok maí 2010, nýja stefnu sem kynnt var í október 2010, skipulag, opna fundi bankans og opinberan loforðalista. Einnig fór hann yfir aðgerðir bankans til að lækka skuldir viðskiptavina, endurgreiðslu vaxta, endurskipulagningu fyrirtækja, hagræðingu í rekstri

og nýjar netlausnir. Framkvæmd stefnunnar byggir á fjórum stoðum, þ.e. öflugri liðsheild, traustum innviðum, ánægju viðskiptavina og ávinningi samfélags og eigenda.

Gunnar Helgi gerði ítarlega grein fyrir áherslum bankaráðs á sviði góðra stjórnarháttanna og lýsti þeirri skoðun sinni að meginhlutverk stjórnar fyrirtækis á umbrotatímum væri að tryggja eftir því sem hægt er vandaða stjórnarhætti og innleiða varanlega virðingu fyrir lögum og reglum á því sviði. Vegna eignarhaldsins á Landsbankanum lægi ekki alltaf ljóst fyrir hvernig best er á málum haldið. Löggjafinn gerði sér grein fyrir þessu og hefur því reynt að aðskilja hið pólitíska vald og hina faglegu stjórn bankans.

Þá kvað hann afar mikilvægt er að samskipti bankaráðs og æðsta stjórnanda Landsbankans við Bankasýsluna séu góð, byggð á faglegum heilindum og í samræmi við eigendastefnu ríkisins og leiðbeiningar Viðskiptaráðs um stjórnarhætti og að sú krafa sé gerð til beggja aðila svo að nauðsynleg samskipti geti byggt á trausti, trúnaði og gagnkvæmri virðingu.

Að mati Gunnars Helga þarf að hér staldra við, því samskiptin við Bankasýsluna hafi dregið úr skilvirkni starfa bankaráðsins á síðustu mánuðum starfstíma þess og skoða það sem lagt var upp með við stofnun Bankasýslunnar og taka af allan vafa að mál mun ekki aftur þróast með gamalkunnum hætti þar sem vald og ábyrgð bankaráðsins verða smám saman viðskila.

Hann þakkaði í lok ræðu sinnar bankaráðsmönnum, bankastjóra og lykilstjórnendum fyrir samstarfið svo og starfsmönnum bankans fyrir þeirra þátt í að endurreisa bankann.

2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.

Steinþór Pálsson, bankastjóri, gerði því næst grein fyrir ársreikningi Landsbankans fyrir árið 2012. Jafnframt fór hann yfir stefnu bankans, markmið og árangur í rekstri á árinu.

Bankastjóri gerði sérstaklega grein fyrir þróun efnahagsreiknings bankans frá stofnun hans, þ. á m. hvernig útlán til viðskiptavina hafa þróast og eignir til sölu. Þá fór hann yfir stöðu vanskila sem urðu hæst 23,5% árið 2010 en hafa nú lækkað í 8% miðað við síðustu áramót. Bankinn hefur að mestu lokið við að vinna úr málum sem tengjast endurskipulagningu fyrirtækja. Hvað skuldahlið efnahagsreiknings áhrærir þá hafa innlán minnkað og sömuleiðis lækkaði lántaka bankans í kjölfar fyrirframgreiðslu inn á skuldabréf LBI á árinu 2012. Bankastjóri ræddi einnig um lausafjárstöðu og gjaldeyrisjöfnuð bankans.

Bankastjóri vék síðan að rekstrarreikningi bankans fyrir 2012, þ. á m. áhrifum virðisbreytinga útlána á afkomu bankans frá árinu 2009. Samtals nemur tap vegna virðisrýrnunar af útlánum til einstaklinga um 16 milljörðum kr. frá árinu 2009, en áhrif virðisbreytinga vegna fyrirtækja eru hins vegar jákvæð. Í samningnum um kaup eigna og uppgjör við LBI hf. var ákvæði um að virðisauki tiltekinna eigna færi til LBI hf. Þegar tekið er tillit til þess eru heildaráhrif virðisbreytinga útlána á rekstur bankans frá stofnun hans tap að fjárhæð um 20 milljarðar kr.

Loks fór bankastjóri yfir grunnstoðir í stefnu bankans, niðurstöður úr íslensku ánægjuvuginni, samfélagsstefnu bankans og lykilmarkmið fram til ársins 2015.

Ársreikningurinn fyrir árið 2012, ásamt skýrslu endurskoðanda og skýrslu bankaráðs og bankastjóra, var að því búnu borinn undir fundinn og samþykktur.

3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á næstliðnu reikningsári.

Lögð var fram eftirfarandi tillaga um greiðslu arðs vegna næstliðins reikningsárs:

„Bankaráð leggur til að félagið greiði hluthöfum arð sem nemur 0,42 krónum á hlut fyrir árið 2012, sem samsvarar um 39% af hagnaði. Miða skal við hlutaskrá í lok 30. september nk. og að útborgunardagur verði 1. október nk.“

Bankastjóri gerði nánari grein fyrir tillögunni og kom m.a. fram að Landsbankinn hefur ekki greitt út arð frá stofnun bankans og vegna góðrar afkomu er því uppsafnað óráðstafað eigið fé orðið töluvert hjá bankanum og vel umfram reiknaða eiginfjárbörf auk þess sem lausafjárstaða er einnig mjög góð. Hann upplýsti einnig að ástæða tímasetningar fyrirhugðrar arðgreiðslu væri sú að LBI hf., sem kröfuhafi, hefur lagt þann skilning í samning milli þeirra og Landsbankans að ef til arðgreiðslu komi beri bankanum að fyrirframgreiða sambærilega fjárhæð inn á lánin við LBI. Þessum skilningi hefur Landsbankinn hafnað í ljósi þess að bankinn greiddi á miðju síðasta ári rúma 70 milljarða króna inn á skuldina. Bankinn muni leitast við að leysa úr álitamálum fyrir útgreiðsludag arðsins.

Tillagan var að því loknu borin undir fundinn og samþykkt.

4. Tillaga bankaráðs um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar.

Því næst var lögð fram tillaga bankaráðs um að aðalfundur samþykki eftirfarandi starfskjarastefnu:

1. gr. Markmið

Landsbankinn hf. leggur áherslu á að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk. Markmið starfskjarastefnunnar er að gera starf hjá Landsbankanum að eftirsóknarverðum kosti fyrir hæft starfsfólk og þar með tryggja samkeppnishæfni bankans, framþróun og viðunandi arðsemi. Starfskjarastefnan skal stuðla að heilbrigðum rekstri til lengri tíma litið og ekki hvetja til óeðlilegrar áhættusækní. Bankinn leggur áherslu á að starfskjör stjórnenda og annarra starfsmanna séu samkeppnishæf, en þó ekki leiðandi. Við ákvörðun um starfskjör skal horft til ábyrgðar og árangurs og gætt að viðurkenndum jafnréttissjónarmiðum.

Í samræmi við 79. gr. a. í lögum nr. 2/1995 um hlutafélög skal starfskjarastefna bankans lögð fram til samþykktar á aðalfundi.

2. gr. Starfskjaranefnd

Starfskjaranefnd Landsbankans er skipuð þremur bankaráðsmönnum. Hlutverk starfskjaranefndar er að vera leiðbeinandi fyrir bankaráð og bankastjóra um starfskjör helstu stjórnenda bankans og ráðgefandi um starfskjarastefnu. Skal nefndin fylgjast með því að starfskjör helstu stjórnenda bankans séu innan ramma starfskjarastefnunnar og gefa bankaráði skýrslu þar um árlega í tengslum við aðalfund félagsins. Jafnframt skal nefndin fylgjast með þróun launasamninga, starfsmannafjölda og launaútgjalda. Bankaráð hefur ritað nefndinni erindisbréf þar sem nánar er kveðið á um hlutverk hennar.

3. gr. Starfskjör bankaráðsmanna

Bankaráðsmönnum skal greidd föst mánaðarleg þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar ár hvert, svo sem kveðið er á um í 79. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Við ákvörðun um fjárhæð þóknunar skal taka mið af þeim tíma sem bankaráðsmenn verja til starfans, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir og afkomu félagsins. Starfskjaranefnd gerir rökstudda tillögu til bankaráðs um þóknun bankaráðsmanna fyrir komandi starfsár. Bankaráð tekur afstöðu til tillögu starfskjaranefndar og gerir endanlega tillögu um þóknunina sem lögð er fyrir aðalfund. Bankinn greiðir jafnframt ferðakostnað vegna starfa bankaráðsmanna sem hafa lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins. Óheimilt er að gera starfslokasamninga við bankaráðsmenn.

4. gr. Starfskjör bankastjóra og helstu stjórnenda

Bankaráð ræður bankastjóra. Starfskjör hans skulu vera samkeppnishæf við kjör stjórnenda í stærri fyrirtækjum og á fjármálamarkaði, en þó ekki leiðandi.

Bankastjóri ræður helstu stjórnendur félagsins og skulu laun þeirra vera samkeppnishæf, en þó ekki leiðandi.

5. gr. Breytilegir kjarabættir

Í samningi fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins, Landsbankans hf. og Landsbanka Íslands hf. frá 15. desember 2009 er kveðið á um að Landsbankinn komi á árangurstengdu launakerfi fyrir starfsmenn (e. employee incentive scheme). Kerfið skal vera í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins um slíkt kerfi hjá fjármálafyrirtækjum. Tillögur að slíku kerfi og tilheyrandi breytingum á starfskjarastefnu skulu lagðar fyrir sérstakan hluthafafund. Fram að því er bankaráði ekki heimilt að samþykkja slíkt kerfi.

6. gr. Upplýsingagjöf

Landsbankinn gerir grein fyrir kjörum bankaráðsmanna og helstu stjórnenda bankans í ársskýrslu sinni.

Starfskjarastefnu þessa skal birta á vefsíðu bankans.

7. gr. Samþykkt starfskjarastefnu og fleira

Starfskjarastefna Landsbankans er samþykkt af bankaráði. Starfskjarastefnan skal jafnframt tekin til afgreiðslu á aðalfundi bankans og borin undir fundinn til samþykktar eða synjunar.

Heimilt er að endurskoða starfskjarastefnuna oft en árlega og skulu breytingar þá lagðar fyrir hluthafafund til samþykktar.

Starfskjarastefnan er leiðbeinandi fyrir bankann og bankaráð. Bankaráð skal færa til bókar í fundargerðarbók frávik frá starfskjarastefnunni og skulu þau frávik studd greinargóðum rökum. Gera skal grein fyrir frávikum á næsta aðalfundi félagsins.

Starfskjarastefnan var samþykkt.

5. Tillögur til breytinga á samþykktum.

Tillaga lá fyrir fundinum um breytingu á 1. mgr. 18. gr. í samþykktum. Í núgildandi samþykktum er greinin eftirfarandi:

„Bankaráð skal skipað fimm mönnum og jafnmörgum til vara. Formann skal kjósa sérstaklega en bankaráðsmenn skipta að öðru leyti með sér verkum. Kosning bankaráðs skal jafnframt vera skrifleg, ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal.“

Lagt var til að 1. mgr. 18. gr. verði sem hér segir:

„Bankaráð skal skipað sjö mönnum og tveimur til vara. Formann skal kjósa sérstaklega en bankaráðsmenn skipta að öðru leyti með sér verkum. Kosning bankaráðs skal jafnframt vera skrifleg, ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal.“

Tillagan var samþykkt.

6. Kosning bankaráðs.

Fyrir aðalfundinn var lögð fram tillaga um að eftirtaldir einstaklingar verði kjörnir aðal- og varamenn í bankaráð Landsbankans hf. fram til næsta aðalfundar.

Aðalmenn:

Tryggvi Pálsson

Danielle Pamela Neben

Eva Sóley Guðbjörnsdóttir

Helga Björk Eiríksdóttir
Jón Sigurðsson
Kristján Davíðsson
Þórdís Ingadóttir

Varamenn:
Helga Loftsdóttir
Tinna Laufey Ásgeirsdóttir

Jafnframt var lagt til að Tryggvi Pálsson verði kosinn formaður bankaráðs.

Báðar ofangreindar tillögur voru samþykktar.

7. Kosning endurskoðanda.

Síðan var lögð fram tillaga um að aðalfundur myndi kjósa Ríkisendurskoðun sem endurskoðanda félagsins fyrir fjárhagsárið 2013.

Tillagan var samþykkt .

8. Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabili.

Eftirfarandi tillaga var lögð fyrir fundinn um þóknun til bankaráðsmanna fyrir störf þeirra fram að næsta aðalfundi:

Lagt er til að þóknun almennra bankaráðsmanna fyrir tímabilið fram til næsta aðalfundar skuli vera kr. 350.000 á mánuði, greitt í samræmi við launagreiðslur til bankamanna. Þóknun bankaráðsformanns skal vera kr. 600.000 og þóknun varaformanns kr. 425.000 á mánuði. Þóknun til hvers bankaráðsmanns fyrir störf í undirnefndum bankaráðs skal vera kr. 100.000 á mánuði. Þóknun til varamanna skal vera kr. 175.000 fyrir hvern setinn fund, en þó aldrei hærrí en þóknun aðalmanna innan hvers mánaðar.

Tillagan var samþykkt .


9. Önnur mál.

Þá var komið að liðnum önnur mál.

Tryggvi Pálsson, formaður bankaráðs, tók til máls. Hann þakkaði fyrir það traust sem nýkjörnum bankaráðsmönnum hefði verið sýnt og sagði að þeir myndu leggja sig fram um að ná árangri.

Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til að ganga frá skriflegri fundargerð í samráði við fundarritara og var það samþykkt.

Að lokum tók Gunnar Helgi Hálfðanarson til máls og óskaði bankaráði gæfu og velfarnaðar í störfum sínum og sagði fundi slitið.



Andri Árnason
Fundarstjóri



Kristinn Briem
Fundarritari